

17.fundur Skólaráðs Grunnskólans á Þingeyri þriðjudaginn 25.október 2016 kl 15:20

Mættir á fundinn:

Skólastjóri: Erna Höskuldsdóttir

Fulltrúar kennara: Edda Björk og Kristín Björk

Fulltrúar foreldra: Ragnheiður Laufey

Fulltrúi starfsmanna: Jón

Fulltrúi nemenda : Ásrós Helga , Lísbet Óla var fjarverandi

Fulltrúi grendar samfélagsins: Þorbjörg Gunnars

Erna setti fundinn og stiklaði yfir heimasíðu skólans, hvað væri nýtt þar inni og fl. Síðan er í vinnslu þessa dagana og margt nýtt að koma inn.

Erna kynnti skólaráðið og fór yfir hlutverkin

Kristín Björk kom í stað Borgnýjar Gunnars og þökkum við Borgný góð störf

Fundarritari Edda Björk las síðustu fundargerð.

Farið var yfir skóladagatalið og kynntar breytingar varðandi starfsdag í nóvember.

Farið var yfir starfsáætlun og markmið vetrarins.

1. Hreyfistundir.

Erna talaði um hreyfistundir sem verða settar markvisst inn 2x í viku til viðbótar við íþrótt og sundkennslu. Tillaga hennar er Jóga verði tekið inn og var vel í það tekið. Þurfum við að verða okkur út um þunnar dýnur og ef til vill að fá jógakennara til að koma í heimsókn til okkar að kynna okkur hugarheim jógaíðkunnar.

2. Stilla saman strengi

Stefna Ísafjarðarbæjar. Okkur hefur gengið ágætlega að vinna eftir henni, nemendur hafa verið að hækka sig jafnt og þétt í stærðfræði og lestri og eins er verið að fylgja eftir logos greiningum og lesferilspróf gerð. Það er okkar vilji og markmið að bæta námsárangur barna okkar.

3. Sjálfsmatskýrsla Farið var yfir sjálfsmatskýrslu skólans og gefur hún til kynna að við erum að bæta námsárangur nemenda töluvert.

4. Framkvæmdir

Forgangur: Þak á miðjuhluta lekur, loftræsting og fl.

Mála þarf gamla hlutann.

Framhlið: -gera aðgengi huggulegra. Laga þakrennur, mála glugga og fl.

Listaverk: Hugmynd um að gera listaverk með nemendum til að prýða framhlið skólans.

Önnur mál:

Heimasíða skólans verður áfram óbreytt og facebook síðan verður virkjuð enn meira. Hægt er að fylgjast með skólastarfinu í gegnum þessar tvær síður svo ekkert ætti að fara framhjá fólki hvað er helst að fréttu.

Fleira ekki gert , fundi slitið kl 16:00

Edda Björk fundarritari